

Af vettvangi Mjólkursamsölunnar og að loknum fulltrúafundi Auðhumlu í lok starfsárs 2021

LEIÐARI

Ágætu mjólkurframleiðendur og samstarfsfólk,

Senn líður að lokum þessa starfsárs hjá Mjólkursamsölnni og Auðhumlu. Það þekkja allir til þeirra aðstæðna sem ríkt hafa í samfélaginu undanfarið rúmt 1 ½ ár, eða frá í febrúar/mars 2020, og því óþarft að tíunda það með miklum lýsingum. En nú eru afleiðingar þessa ástands farnar að birtast í annarri mynd sem eru m.a. miklar tafir á afhendingu á ýmsum tækjabúnaði, varningi og aðföngum til rekstrar, bæði til framleiðslu og úrvinnslu mjólkur. Eldsneytisverð, flutningar o.fl. hafa orðið fyrir miklum áhrifum bæði til verðhækkana sem og hvers konar seinkunum og þar með afhendingu vöru og þjónustu. Enn er óvíst um hver endanleg áhrif verða á áburðarverð fyrir komandi vor.

Það er lítið hægt að gera í þessari stöðu annað en að vona að úr þessu ástandi greiðist sem allra fyrst. Hins vegar er nauðsynlegt að eiga samtal við stjórnvöld um fjárhagslegar aðgerðir sem grípa þarf til ef allt fer á versta veg varðandi verð á þýðingarmiklum rekstrarliðum eins og áburði og kjarnfóðri. Fyrirmyndina höfum við í nágrannalöndum okkar þar sem þegar hefur verið gripið til ráðstafana í m.a. fjárstuðningi við bændur. Í öllum þessum hremmingum hafa hagmunaaðilar, m.a. í Noregi, rætt opinskátt um þessar aðstæður og hvaða leiðir eru til viðbragða. Að þeirri umfjöllun komu fulltrúar hagsmunasamtaka bænda, úrvinnslufyrirtækja þeirra, aðfangasala t.d. fyrir áburð o.fl. auk stjórnvalda - enda málið brýnt og almannahagsmunir í húfi. Hér á landi hefur það hvað helst komið fram að hinn opinberi aðili - Samkeppnisstofnun - hefur varað aðila við að ræða hugsanleg fjárhagsleg áhrif þessa ástands sín á milli eða opinberlega - enda gæti það skv. túlkun þessa stjórnvalds farið gegn samkeppnislögum I. Það verður að segjast að hér eru mjög misvísandi túlkanir stjórnvaldstofnana eftir löndum sem þó ættu að vera að starfa í skjóli sambærilegrar samkeppnislögjafar - enda bæði ríkin aðilar að hinu Evrópska efnahagssvæði þar sem réttindi og túlkun þessara mála eiga að hafa efnislega samsvörun.

Af vettvangi Auðhumlu - Fulltrúafundur haldinn 26. nóvember sl.

Fulltrúafundurinn fór fram sem fjárfundur og var þetta annar fulltrúafundurinn þar sem sú leið var nýtt vegna COVID - ástands. Við vonum að draga fari úr þessu ástandi og að lífið og öll starfsemi í landinu fari að færast í eðlilegt horf á komandi ári.

Þrátt fyrir þetta fundarform, gekk fundurinn vel, var málefnalegur og jákvæður enda má segja að kúabændur hafi tilefni til þess í ljósi þeirra staðreynda sem fyrir lágu og farið var yfir á fundinum. Starfsemi mjólkuriðnaðarins hefur gengið vel þrátt fyrir effitt ástand í samfélaginu undanfarin misseri. Hér verður tæpt á helstu málum sem farið var yfir á fundinum og ýmsar áherslur þeim tengdar sem voru til umræðu.

Á fulltrúafundinum var farið yfir framleiðslu- og birgðamálefni svo og innflutningsmál og tollamálefni og tengda hagsmuni. Gert er frekari grein fyrir því annars staðar í þessum pósti. Það hefur verið verkefni

stjórnar og stjórnenda Auðhumlu og dótturfélaga þess liðin ár, að takast á við erfiða stöðu eftir mögur og erfið ár, þar á undan. Það ánægjulega er að samkvæmt 8 mánaða uppgjöri þessa árs, er árangurinn að koma í ljós. Reksturinn jákvæður og skuldir að lækka. Ýmislegt hefur hjálpað til s.s. meira jafnvægi í mjólkurframleiðslunni á þessu ári, verðhækkun í apríl, hagræðingar, endurfjármögnun o.fl. Og hið sama má segja um dótturfélög (þ.m.t. MS) sem heyra undir samstæðuuppgjör Auðhumlu. Þetta eykur bjartsýni til frekara viðhalds og vaxtar á nýju ári.

Undanfarin ár hefur áhersla aukist á það að farið verði að efna- og gæðamæla öll tanksýni sem tekin eru í hverri ferð hjá bændum. Og eftir þessum niðurstöðum verði hver farmur greiddur og verðfellingar sem komið geta upp verði þá eingöngu miðaðar við þann eða þá farma mjólkur sem mælast utan gæðaviðmiðana. Þetta er réttlætismál sem unnt verður að framkvæma í kjölfar endurnýjunar á mælitækjabúnaði á Rannsóknastofu mjólkuriðnaðarins (RM). Nú þegar hefur verið leitað formlegra tilboða í nýjan tækjabúnað þar sem tekið er tillit til þess að nýr búnaður muni ráða vel við okkar þarfir í afköstum við aukningu í fjölgun mælinga. Jafnframt kom fram að lengri tíma þyrfti til að hefja sýnatök úr hverri ferð en áður var talið. En sem fyrr segir er unnið að því að endurnýja tækjabúnað RM ásamt fleiru. Nú er stefnt að því að þetta ferli geti hafist næsta vor eða að loknum sumarfríum næsta haust.

Þrátt fyrir að Covid ástand hafi staðið allt árið, hefur það ekki leitt til teljandi vandkvæða í gæðaeftirliti, mjólkursöfnun né vinnslu, þar sem allir sem einn hafa gert sitt til að láta hlutina ganga. Upp hefur komið í nokkur skipti að sóttkví er á bæjum og hafa bændur þá verið fljótir að láta vita um slíkt þannig að hægt hefur verið að gæta betur að öllum sóttvörnum. Eiga framleiðendur bestu þakkar fyrir góðan skilning á þessum aðstæðum og gott samstarf. Því saman erum við öll almannavarnir.

Staða rekstrar Mjólkursamsölunnar ehf. á árinu 2021

Eins og fram hefur komið hefur rekstrar- og fjárhagsstaða Mjólkursamsölunnar batnað til muna sl. 2 ár. Skv. bráðabirgðauppgjöri fyrir fyrstu 11 mánuði ársins 2021 virðist allt stefna í að afkoma félagsins verði sú besta frá stofnun þess 2007. Endurfjármögnun Mjólkursamsölunnar hjá viðskiptabanka félagsins hefur farið fram og má segja að í þeirri endurfjármögnun hafi komið vel í ljós að traust bankans til fyrirtækisins hefur tekið miklum breytingum og aukist frá því sem var. Það skýrist í batnandi rekstrarstöðu undanfarin tvö ár. Sterkari fjárhagsstaða myndar grunninn að áframhaldandi endurnýjun búnaðar og aðstöðu, en mikil uppsöfnuð þörf hafði myndast til þeirra verkefna. Það verður að segjast að á árunum þar á undan voru hvorki Mjólkursamsalan né Auðhumla fjárhagslega í stakk búin til að standa undir slíku. Hér á eftir verður frekari grein gerð fyrir helstu fyrirhuguðu fjárfestingum MS á komandi ári og árum.

Róið á ný mið í próteinvinnslu

Á fundinum var farið yfir nýjar hugmyndir í fullvinnslu á próteini sem geta gefið bæði hærra skilaverð á erlendum mörkuðum og ekki síst aukið öryggi í afsetningu próteinsins. Núverandi sölumarkaðir okkar á próteini, þ.e. í formi undanrennudufts og undanrennuosts hafa fyrst og fremst verið utan EES – svæðisins og þá m.a. vegna tolla á markaði landa innan EU. Undanrennuduft hefur nánast allt farið til útflutnings til Sýrlands en undanrennuostur alfarið farið til Úkraínu og Tyrklands. Það þarf ekki að hafa miklar lýsingar á aðstæðum í þessum löndum, en ástand stjórnmála þar er erfitt og í miklu ójafnvægi. Þetta skapar kvikt ástand í viðskiptum með vörur inn á þessa markaði, nokkuð sem við höfum orðið áskynja um undanfarin misseri. Það er því ekki ásættanlegt fyrir fyrirtæki bænda, eins og MS, að eiga mikla söluhagsmuni undir við útflutning á þessa markaði. Ef þessir markaðir lokast þá lendum við í mjög alvarlegri stöðu með okkar starfsemi – nokkuð sem við verðum að undirbúa að geti komið upp. Það gerist einungis með nýjum lausnum.

Mikil vinna hefur farið í markaðslegar og tæknilegar rannsóknir, þar sem skoðaðir hafa verið kostir þess að framleiða CASEIN úr undanrennu í stað framleiðslu á undanrennu-dufti eða undanrennuosti. Á Selfossi er mjólkurduftsframleiðsla MS, en þar er undanrennuduft fyrir innanlandsmarkað og til útflutnings framleitt. Í undirbúningi er endurnýjun á duftgerð á Selfossi, en það er mikil fjárfesting og enn umfangsmeiri ef duftgerð á að geta annað framleiðslu á undanrennudufti í stað undanrennuosts. Ef svo ætti að vera þá þyrfti að tvöfalda afköst í duftgerð. Auk þess yrði að flytja umtalsvert magn undanrennu milli landshluta til duftgerðar á Selfossi. Ferðafjöldi yrði talinn í 500 – 600 ferðum á ári með 32 tn trailer tönkum.

Því er stefnan að hefja framleiðslu á CASEINI. Þar eru framleiðslumöguleikar á 3 – 4 Casein afbrigðum í sömu framleiðslutækjunum. Fyrsta framleiðslulína yrði sett upp á Sauðárkróki, þar sem húsnæði er þegar til staðar, og fengin reynsla af framleiðslunni, en jafnframt er þar mysuvinnsla MS/KS í dag og mysupróteinið og mjólkursykurinn fer til vinnslu á mysudufti og Etanóli. Mjög gott verð hefur fengist fyrir mysuduftið undanfarin misseri.

Fyrirtækið í Casein vinnslunni yrði 100% í eigu MS, sem myndi reka og stjórna starfseminni, en leigja aðstöðu og ákveðna grunnþjónustu.


Helstu áherslu- og efnisatriði sem snerta þetta verkefni eru:

1. Óvissa í sölu á ótryggum mörkuðum (Tyrkland og Úkraína) fyrir próteinvörur eins og undanrennuost væru úr sögunni.
2. Casein er skráð viðskiptavara á heimsmarkaði (sjá www.clal.it) en undanrennuostur ekki. Casein er með sterkari viðskiptabakgrunn en undanrennuostur og skráð ártuga heimsmarkaðsviðskipti. Núverandi heimsmarkaðsverð er um 10.000 – 11.000 USD/tn (1.300 – 1.400 kr/kg). MS er þegar búið að fá verðtilboð í Casein nú 9.500 – 10.000 USD/tn og tilboð um reglubundin og föst viðskipti tryggð með formlegum samningi.
3. Skilaverð til bænda fyrir umframmjólk gæti hækkað þar sem hærra samanlagt verð fengist fyrir útluttar vörur. MS fengi hærra skilaverð fyrir vörur úr próteinhalla.
4. Við höfum fengið mjög góð tilboð í föst viðskipti með Casein af tveimur erlendum umboðsaðilum á þessum markaði.
4. Caseinið færi til USA og/eða Asíu landa inn á reglubundna markaði.

Rétt er að taka fram að ekki er verið að hvetja til aukinnar framleiðslu mjólkur vegna þessarar Casein framleiðslu, eða að hafa áhrif á framleiðslukerfi mjólkur sem bundið er í samningum og lögum, heldur eru hér einungis eftirtalin áhersluatriði sem ráða för en þau eru:

(1) að finna tryggari markaði fyrir undanrennuost en til núverandi markaða í löndum sem búa við ótryggt stjórnför og þar af leiðandi viðkvæmt og kvikt viðskiptaumhverfi.

(2) að reyna að ná hærri tekjum og skapa meiri afrakstur í útflutningi á undanrennu sem flytja þarf úr landi vegna próteinhalla og útflutningsskyldu umframmjólkur.



Mynd 1. Tækjabúnaður og flæðirit til framleiðslu á CASEINI sýrufellt (Acid) og hleypis Casein (Rennet)


Fyrirhugaðar framkvæmdir á vegum Mjólkursamsölunnar

Með sterkari stöðu Mjólkursamsölunnar og Auðhumlu myndast sjá fjárhagslegi grunnur sem nauðsynlegur er til að geta haldið við og endurnýjað vélar, tæki og búnað fyrir starfsemi MS. Einnig þarf að bregðast við og mæta aukinni þörf á húsnæði fyrir starfseminni sem hefur aukist að umfangi og mætir auk þess stöðugt meiri kröfum. MS er að leigja húsnæði á mörgum stöðum til geymslu aðfanga og fullunnina vara. Árlegur kostnaður vegna þessa er umtalsverður og til mikils að vinna til koma starfseminni í eigið húsnæði. Einnig vantar vinnslurými bæði á Selfossi og á Akureyri.

Vinna er komin af stað við bæði forhönnun og samskipti við bæjarfyrirvöld vegna leyfisveitinga og skipulagsmála. Fyrstu hugmyndir að stærð og staðsetningu nýbygginga á byggingareitum lóða MS á Selfossi og Akureyri eru komnar fram og má sjá fyrstu drög hugmynda í yfirlits myndum 1 og 2.

MS Selfossi

Á mynd 1 má sjá aðalrími (A) vinnslu, pökkunar og geymslu, en sú bygging er áætluð um 5.400 m². Hluti (B) er sk. stöðrymi eða þjónusturými og mun það hýsa m.a. ketilhús, verkstæði, kælivélar og inn-tak neysluvatns með tilheyrandi geymslutönkum, hreinsi- og öryggisbúnaði.



Mynd 2. Fyrirhugaðar nýbyggingar hjá MS Selfossi. (A) Vinnslu- og geymslurými 5.400 m². (B) Þjónustu- og stöðtækjarymi 1.400 m². Samtals 6.800 m².

MS Akureyri

Á mynd 2 má sjá fyrstu hugmyndir um staðsetningu nýbyggingar á Akureyri. Reynt er að láta samspil byggingamagns og lóðarýmis falla vel saman og vera í sem bestri samsvörun með m.t.t. nálægðar íbúðabyggðar.



Yfirlit mynd 2. Fyrirhugað nýbygging á MS Akureyri. Áætlað er að byggingin verði um 4.800 m². Gert er ráð fyrir að hluti byggingar verði á 2 hæðum.

Á Akureyri er fyrirhugað að reisa viðbyggingu eins og fram kemur í yfirliti á mynd 2. Húsið yrði á tveimur hæðum samtals um 4.800 m².

Lóðahalli á byggingareit stjórnar því að byggt er á tveimur hæðum og byggingareiturinn og lóðin nýtt sem best með slíkri ráðstöfun. Þessi bygging yrði nýtt til bæði framleiðslu- og sem geymslurými hvers konar. Það er orðin full þörf á stækkun athafarýmis á báðum stærstu afurðastöðvum MS bæði á Selfossi og á Akureyri. Hér eru kynnt fyrstu skrefin í hugmynda- og hönnunarvinnu á þessum fjárfestingum. Á komandi ári munu mörg mál vegna þessara framkvæmda vera á borði stjórnar til undirbúnings og ákvarðana. Frekari útfærsla og umfjöllun um kostnaðaráætlanir verða kynntar þegar fram í sækir í hönnun og útfærslu.

Auk framangreindra fjárfestingaverkefna eru einnig mörg önnur hefðbundin viðhalds- og endurnýjunarverkefni sem ekki eru talin upp hér,

Við viljum þakka fulltrúum, félagsmönnum í Auðhumlu, samstarfaðilum í MS og starfsfólki MS og Auðhumlu fyrir heilladrjúgt og gott samstarf á árinu sem er að líða.

Með Jóla- og nýárskeiðum

Elín M. Stefánsdóttir, Stjórnarformaður Mjólkursamsölunnar
Ágúst Guðjónsson, Stjórnarformaður Auðhumlu
Pálmi Vilhjálmsson, Forstjóri Mjólkursamsölunnar
Garðar Eiríksson, Framkvæmdastjóri Auðhumlu

Einstök sýning á verkum Kristínar Þorkelsdóttir

Um þessar mundir stendur yfir sýning á verkum Kristínar Þorkelsdóttur hönnuðar í Hönnunarsafni Íslands í Garðabæ en Kristín hefur hlotið margskonar viðurkenningar og verðlaun fyrir verk sín og óhætt að segja að hún sé frumkvöðull í grafískri hönnun hér á landi.

Eins og segir í kynningu á sýningunni hafa fáir hér á landi skilað af sér jafn mörgum listaverkum, sem tekið er sem sjálfgefnum, og hönnuðurinn Kristín Þorkelsdóttir. Verk hennar hafa verið hvað mest áberandi við hinar hversdagslegustu aðstæður, svo sem inni í ís-skápum landsmanna, ofan í töskum þeirra eða við hefðbundið borðhald og má þar nefna mjólkurfernur og umbúðir fyrir Smjörva frá Mjólkursamsölnni en Kristín er hönnuður fjölmargra matvælaumbúða. Enn fremur má finna verk Kristínar á jafn óaðgengilegum stöðum og í læstum bankahirslum Seðlabanka Íslands þar sem hún er höfundur núgildandi peningaseðlaraðar, sem hún vann að ásamt hönnuðinum Stephen Fairbairn en þar er lærdómsmönnum fyrri tíma gert hátt undir höfði. Kristín hefur einnig hannað mörg merki fyrirtækja sem landsmönnum eru að góðu kunn og má þar nefna merki Osta og smjör-sölunnar, Byko, Álafoss og Skátahreyingarinnar.

Á sýningunni má sjá ógrynni af skissum, tilraunum og pælingum, kunnugleg og áður óséð verk, sem samanlagt umbreyttu ungri mynd-

listarkonu í einn helsta brautryðjanda landsins á sviði grafískrar hönnunar. Við mælum eindregið með heimsókn á Hönnunarsafn Íslands en sýning á verkum Kristínar stendur til 30. janúar 2022.

Gréta Björg Jakobsdóttir
Ritstjóri vef- og samfélagsmiðla




Gleðilega hátíð

Framleiðsla mjólkur 2021

FRAMLEIÐSLUSVIÐ

Framleiðsla mjólkur 2021

Mjólkurframleiðslan hefur aðeins dregist saman það sem af er árinu samanborið við árið 2020, sjá mynd 1. Heildarinnkunin frá áramótum nemur um 2,1 milljón lítrum eða 1,4%. Ef sambærileg þróun verður á innvigtun út árið og undanfarnar vikur má áætla að heildarinnvigtunin verði um 149 milljónir lítra.



Mynd 1. Vikuleg innvigtun mjólkur 2019, 2020 og 2021 (vika 50).

Sala mjólkur og útlutningur

Á síðustu 12 mánuðum, þ.e. des 2020 – nóvember 2021, var samantöl mjólkurframleiðsla 148,9 milljónir lítra sem er um 1,8% minni framleiðsla en á 12 mánaða tímabilinu þar á undan. Þetta kemur fram í töflu 1. Söluölur þessa tímabils sýna viðsnúning frá því sem var á meðan að ástandið var hvað verst er varðar COVID. Stórnotendamárkadurinn hefur lifnað vel við á sama tíma og verslunarmarkadurinn hefur haldið sínu. Umreiknað sala á innanlandsmarkaði nam 145 milljónum lítra á fitugrunni á síðustu 12 mánuðum og 123 milljónum lítra á próteingrunni. Salan á fitugrunni jókst um 1,8 % og á próteingrunni um tæpt 0,9 % á tímabilinu.


VÖRUFLOKKAR	Sala í ltr. og kg			Breyting frá fyrra ári, %		
	nóvember mánuður	Síðustu 3 mánuðir	Síðustu 12 mánuðir	Mán.	3 mán.	12 mán.
Umreiknað á PRÓTEIN:						
Birgðir í upphafi	29.614.734	32.140.454	36.443.966	-21,65	-24,07	31,40
Innvegin mjólk	11.349.840	33.664.911	148.950.866	3,75	0,03	-1,80
Seldar afurðir	10.523.059	31.270.689	123.411.599	8,41	1,23	0,90
Útlutningur	2.144.354	6.040.385	32.526.351	-8,80	-30,07	59,59
Birgðir í lok	28.157.026	28.157.026	28.157.026	-22,74	-22,74	-22,74
Mismunur	140.134	337.264	1.299.856	-39,86	2.401,13	361,10
Umreiknað á FITU:						
Birgðir í upphafi	25.159.859	28.011.920	28.299.170	-14,17	-10,22	5,43
Innvegin mjólk	11.349.840	33.664.911	148.950.866	3,75	0,03	-1,80
Seldar afurðir	13.075.738	37.102.124	145.089.045	12,11	2,83	1,84
Útlutningur	164.753	1.180.283	6.555.609	1,28	62,92	-13,42
Birgðir í lok	22.969.993	22.969.993	22.969.993	-18,83	-18,83	-18,83
Mismunur	299.214	424.431	2.635.389	133,14	-268,78	1.292,74

Tafla 1 Umreiknað ráðstöfun mjólkur á 12 mánaða tímabili m.v. nóvember 2021.

Mjólkurframleiðsla umfram sölu var um 26 milljónir lítra á próteingrunni s.l. 12 mánuði og um 4 milljónir lítra á fitugrunni. Sala á próteingrunni var um 83% af mjólkurframleiðslunni á sama tíma og sala á fitugrunni var um 97%.

Útlutningur á mjólk miðað við prótein nam 32 milljónum lítra á s.l. 12 mánuðum en á fitugrunni um 6,5 milljónum. Útlutningur á „Birgðavörum“ osti, dufti og smjöri hefur gengið nokkuð vel á árinu en

eftirspurn eftir mjólkurvörum á erlendum mörkuðum hefur aukist mikið á síðustu mánuðum. Birgðastaða hefur jafnast og er nú komin í það horf sem æskilegt er.




Mynd 2 Umreiknaðar birgðir próteins. Þróun 2019 - 2021

Á mynd 2 má sjá þróun próteinbirgða 2019 – 2021, umreiknaðar yfir í lítra mjólkur. Þessar birgðir eru nú í góðu jafnvægi.

Birgðir mjólkurvara


Myndir 3 – 6 sýna birgðapróun helstu flokka mjólkurvara 2018 – 2021.

Á mynd 3 kemur fram að smjörbirgðir voru um 380 tonn í lok nóvember s.l. Það sem af er ári hafa 280 tonn af smjöri verið flutt út. Birgðir af smjöri eru góðu jafnvægi í öllum vörunúmerum.




Mynd 3 Þróun smjörbirgða 2018 – 2021

Ostabirgðir eru í mjög góðu jafnvægi enda vel fylgst með þeim og gripið til aðgerða um leið og þurfa þykir m.t.t. aldurs og magns í hverjum vöruflokki.



Mynd 4 Þróun ostabirgða 2018 - 2021 (26% og 17%).


Birgðir af mozzarella osti voru auknar markvisst á miðju síðasta ári sem liður í framleiðslustýringu og er nú verið að trappa þær niður aftur.



Mynd 5 Próun birgða á Mozzarella osti 2018 – 2021

Engin birgðasöfnun hefur verið á undanrennudufti á árinu þar sem vel hefur gengið að flytja út umframbirgðir jafnóðum. Því eru birgðir

nú stilltar í það horf sem nauðsynlegt er til að anna innanlandssölu-sveiflum. Útflutningur á próteini hefur að stærstum hluta verið í formi undanrennuosts og undanrennudufts.



Mynd 6 Próun birgða á Undanrennudufti 2018 – 2021

Jón K Baldursson
Verkefnastjóri

Af vettvangi hagsmunagæslu fyrir mjólkurframleiðendur og mjólkuriðnaðinn

Í Mjólkurpóstinum fyrir ári síðan, var gerð allnokkur grein fyrir starfi MS að hagsmunagæslu fyrir greinina. Hvað hæst hefur borið skoðun á misræmi í tölum um magn viðskipta milli landa og tollafgreiðslu á svokölluðum jurtaosti.

Héraðsdómur í máli jurtaosts

Pann 11. júní sl. í vor fór fram munnlegur málflutningur í Héraðsdómi Reykjavíkur í máli nr. E-2209/2021. Deilt var um hvort vara sem ber heitið Festino IQF Mozzarella Pizza Mix, sem er rifinn ostur (82-83% mozzarella) blandaður við jurtaolíu (11-12% pálmaolíu) auk sterkju, skuli tollflokkast sem ostur. Það var Danól ehf. sem stefndi íslenska ríkinu í málinu. Laut það að úrskurði tollgæslustjóra nr. 3/2021 þess efnis að umrædd vara skyldi flokkast í tollflokk 0406.2000.

Danól ehf krafðist þess að varan sem um ræðir, yrði flokkuð sem jurtaostur, og bæri því ekki tolla. Tollyfirvöld tóku hins vegar ákvörðun um að varan skyldi flokkuð undir tollskrárnúmeri 0406.3000. Sá flokkur tekur til rifins osts og ber 30% verðtoll auk magntolls á innflutning utan tollkvóta. Þessi ákvörðun hafði áður verið kærð til tollgæslustjóra, sem kvað upp úrskurð nr. 3/2021 um að varan skyldi flokkast undir tollskrárnúmer 0406.2000, þ.e. sem ostur. Umrætt mál var rekið sem flýtimeðferðarmál og féll dómur í því í júlí sl. Héraðsdómur staðfesti úrskurð tollgæslustjóra, þ.e. varan skyldi tollflokkast sem ostur. Kæranda var ennfremur gert að greiða 900.000 kr. í málskostnað. Dómnum var áfrýjað til Landsréttar. Ekki er vítað til annars en þar fari hann í venjubundið ferli og því óvíst að dóms sé að vænta fyrr en einhvern tíma á næsta ári.

Ákvörðun Matvælastofnunar um að hafna innflutningi á fjórum vörutegundum sem innihalda mjólkurafurðir staðfest

Pann 28. október sl. staðfesti atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið ákvörðun Matvælastofnunar (MAST) um að fjórar vörutegundir osta skuli sæta landamæra-efirliti. Kærandi hugðist flytja til landsins eftirfarandi fjórar vörutegundir: [B] Battered Processed Cheese Stick, [B] Export Battered Mozzarella Sticks, Anchor Battered Chili Pepper & Cheese Bites og [B] Cheddar Cheese Poppers. MAST leit svo á að um sé að ræða samsettar vörur sem falla undir landamæraeftirlit sam-

kvæmt reglugerð nr. 1440/2020, um skrár yfir samsettar afurðir sem skulu sæta eftirliti á landamæraeftirlitsstöðvum.

Ákvörðun MAST byggði á því að þær afurðir sem stofnunin teldi til mjólkurafurða, [B] Export Battered Mozzarella sticks, [B] Battered Processed Cheese Stick og Anchor Battered Chili Pepper & Cheese Bites, uppfylltu ekki innflutningsskilyrði fyrir mjólkurvörur sem koma frá löndum utan EES svæðisins. MAST vísaði til þess að henni sé óheimilt að heimila innflutning á mjólkurafurðum án meðfylgjandi frumrits heilbrigðisvottorðs og víðeigandi auðkenningu sem kveðið er á um í lög-gjöf um matvæli sem og í reglugerð (ESB) 853/2004. Vöruna [B] Cheddar Cheese Poppers, mat stofnunin sem samsetta vöru, þar sem að undir helmingur af innihaldi vörunnar er mjólkurafurð. Hún uppfylli því skilyrði að hún haldi stöðugleika við geymslu við umhverfishiða. Þá sé varan ekki fullleidd við framleiðslu, né hafi hún verið meðhöndluð með hitun, þannig að allt efnið hafi hitnað í gegn þannig að ostur hafi tekið eðlisbreytingum. Synjun á innflutningi vörunnar byggist á því að varan sæti innflutningseftirliti samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 1440/2020 og á því að vörunni fylgdi ekki heilbrigðis-vottorð sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðarinnar.

Í niðurlagsorðum úrskurðar ráðuneytisins segir: „Ráðuneytið telur að allar umræddar vörur falli undir skilyrði um opinbert eftirlit sem sinnt er af Matvælastofnun samkvæmt 47. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2017/625 sem innleidd var í íslenskan rétt með reglugerð nr. 234/2020. Með vísan til þess sem að framan hefur verið rakið telur ráðuneytið að skilyrði um innflutning dýraafurða séu ekki uppfyllt í máli þessu. Af öllu framangreindu virtu telur ráðuneytið að ekki þurfi að ráða frekar úr öðrum málsástæðum sem tilgreindar hafa verið við meðferð málsins þar sem úrlausn þeirra hefur ekki áhrif á niðurstöðu málsins.“

Skýrslubeiðni til Ríkisendurskoðunar, staða horfur

Pann 5. nóvember 2020 samþykkti alþingi beiðni um úttekt á starfsemi Skattsins við framkvæmd tollalaga. Óskað var eftir skoðun á:

1. Tollafgreiðslu landbúnaðarvara með áherslu á innflutt kjöt, unnar kjötvörur, ost, smjör, afurðir sem innihalda ost og mjólkurfitu,

mjólkurdrykki, grænmeti og blóm, einkum með hliðsjón af þeim afurðum sem framleiddar eru hér á landi.

2. Þróun á umfangi innflutnings landbúnaðarvara og á innfluttu magni í tengdum eða líkum vöruflokkum.
3. Samanburður á tölum um útflutning búvara frá löndum ESB og Noregi og innlendum tölum um innflutning frá sömu löndum.
4. Athugun á því hvort tollnúmerum á sviði landbúnaðarvara og skilgreiningu vara sem undir hvert númer falla hafi verið breytt frá stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) árið 1995 og hvort tollskrárnúmerum fyrir vörur í fyrrnefndum tollskrárköflum ber saman við tollskrárnúmer og tollflokkan Alþjóðatollastofnunarinnar (WCO).

Skýrslubeiðandi (Bergþór Ólason, alpm.) hefur haldið uppi spurnum um stöðu verkefnisins en ljóst má vera að skýrslu vart að vænta er úr þessu fyrr en á árinu 2022.

Áburðarverð hefur verið hátt frá upphafi þessa árs

Miklar hækkanir hafa orðið á síðustu mánuðum á mikilvægum aðföngum til landbúnaðar. Á ráðstefnu í Noregi í nóvember mánuði var farið yfir marga þætti í þessu samhengi. Verð á Urea/þvagefni/ var í lágmarki á heimsmarkaði vorið 2020. Síðan þá hefur það stigið nokkuð jafnt og þétt. Einn stór áhrifa valdur þar eru aðgerðir Kína beitir eftir því hvernig staða á markaðnum er hverju sinni. Framleiðsla þess á urea/þvagefni féll hratt þegar leið á árið 2020. Til að bregðast við því settu stjórnvöld takmarkanir á útflutning til að tryggja innlendum notendum nægt framboð. Útflutningur Kína á Urea árið 2020 var þannig

innan við helmingur þess sem var árin 2014- 2015. Vegna umfangs Kína á heimsmarkaði á þetta drjúgan þátt í þeim hækkunum sem þar hafa orðið auk hás verðs á gasi og mikillar eftirspurnar.

Ammóníum framleiðsla hefur á sama tíma haldist nokkuð stöðug í Evrópu fram á árið 2020, yngsta verksmiðjan í álfunni er hins vegar orðin 35 ára gömul. Undanfarna mánuði hafa hins vegar borist fréttir af lokunum og ástandið verður því að teljast ótryggt að þessu leyti. Verðhækkun aftast í henni (hækkun á orkuverði) leiðir upp í gegnum alla keðjuna.

Ekki þýðir að treysta á markaðinn þegar kreppir að

Í lokaorðum eins fyrirlesara ráðstefnunnar komu fram eftirtektarverðar áminningar, s.s. eins og það að markaðurinn ræður ekki við að bregðast við tilteknum neyðaraðstæðum s.s. fjármálakreppum, innflytjendakrísum, kreppum af völdum COVID-19 faraldursins og aðfangakreppum svo eitthvað sé nefnt. Markaðurinn getur heldur ekki gert áætlanir né gert landsáætlun af neinu tagi. Í þeim aðstæðum sem nú eru uppi á hrávöru- og matvælamarkaði í heiminum er þörf á ákveðnum viðbúnaði og að tryggja aðföng til matvælaframleiðslu.

Hér á landi heyrum við þetta enduróma t.d. í ákalli um að álögur verði lækkaðar t.d. á innflutt eldsneyti. Hér þurfa því margir að koma að og kortleggja stöðuna svipað og grannar okkar í Noregi hafa gert. Það er bábilja sem þá stjórnvöld verða að taka í taumana á að hindra samtal hagaðila um stöðuna.

Erna Bjarnadóttir
Verkefnisstjóri

Nýr og umhverfisvænn metan bíll tekinn í notkun hjá MS

Nýr metan bíll hefur verið tekinn í notkun hjá Mjólkursamsölunni en um er að ræða Scania P340 sem er 100% knúinn metani (CNG) og umhverfisvænsti kosturinn sem í boði er í dag þegar kemur að vörubílum að þessari stærð. Kolefnisspor bílsins er allt að 90% minna en af sambærilegum dísel bíl og þar sem orkugjafinn er innlendur er um stórt skref að ræða fyrir fyrirtækið sem er eitt stærsta dreifingarfyrirtæki landsins. Hávaði frá vél bílsins er jafnframt um 50% minni en frá dísel bílunum og uppfyllir hann til að mynda sérstaka Evrópuvottun um dreifingu á vörum að nóttu til þar sem hann er nógu hljóðlátur.

Nýi bíllinn er allur hinn glæsilegasti og mjög vel búinn 340 hest-

afla vél með miklum togkrafti, 12 gíra Opticruise sjálfskiptingu ásamt Scania Retarder vökvahemil. Loftþúðafjöðrun er á öllum öxlum ásamt vigt sem segir til um þyngd á hverjum tíma en heildarþyngd bíls ásamt farmi getur verið allt að 26 tonn. Húsið er jafntframt það rúmbesta sem býðst í þessum flokki og vinnuhagræði fyrir ökumann eins og best gerist.

Það var því glatt á hjalla fyrir utan höfuðstöðvar Kletts á dögnum þegar bíllinn var afhentur og á meðfylgjandi mynd eru þeir Halldór Ingi Steinsson, vöruhúss- og dreifingarstjóri MS, Bjarni Arason, framkvæmdastjóri sölusviðs hjá Kletti og Marek Marzec, bílstjóri hjá MS.



Sala mjólkurvara á árinu

Almennt hefur sala á mjólkurvörum gengið vel á árinu, Smjör og Smjörvi með 3,5% aukningu mv sama tímabil í fyrra, ostarnir eru upp um 1,5%, bragðbætt mjólk eins og Kókómjólk, Hleðsla og Næring er upp um 4,6% og skyr/jógúrt heldur sölu. Drykkjarmjólkinn heldur áfram að gefa eftir, þó mest sú magrari, því gamla góða nýmjólkinn heldur vel sölu. Sú þróun á vesturlöndum að fólk hefur minnkað mjólkurdrykkju með mat á vel við hér á landi, því er haldið fram að neytendur forðast að drekka kaloríur en borði þær frekar.

Sölutekjur Mjólkursamsölunnar á þessu tímabili hafa aukist um liðlega 1700 milljónir (7,1%) og eru 25.642 milljónir króna.

Á meðfylgjandi mynd má sjá sölu helstu vöruflokka í tonnum tímabilið janúar-nóvember með samanburð við fyrra ár.

Uppsöfnuð sala í tonnum

	Jan-nóv 2020	Jan-nóv 2021	Mism	%
Smjör/Smjörvi	2.086	2.160	74	3,5%
Ostar	5.577	5.661	84	1,5%
Duft	1.066	1.084	19	1,8%
Samtals KG	8.729	8.905	177	2,0%
Hvít mjólk	21.752	21.019	-733	-3,4%
Bragðb mjólk	3.900	4.079	179	4,6%
Skyr/Jógúrt	7.408	7.427	19	0,3%
Rjómvörur	2.933	2.882	-51	-1,7%
Samtals Ltr	35.993	35.408	-586	-1,6%

Uppsöfnuð sala í m.kr

	Jan-nóv 2020	Jan-nóv 2021	Mism	%
Samtals	23.936	25.642	1.707	7,1%

Pizzastaðir bjóða upp á íslenskan ost

Eftir að starfsmenn hjá Skattinum tóku sig taki og komu lögum yfir óheftan innflutning af evrópskum pizzaosti hafa margir pizzastaðir snúið aftur í viðskipti til okkar og bjóða nú upp á alíslenskan pizzaost.

Viðsnúningurinn hófst í mars en síðan þá hefur salan á pizzaosti aukist um 157 tonn, þetta er ígildi um 1,5 milljón mjólkurlitra og það munar um að vera komin aftur með þetta í hús.



Fyrirtækjamarkaður tekur við sér

Veitingahúsin, kaffihúsin og hótelin fundu vel fyrir auknum ferðamannastraum og það skilaði sér til MS í auknum viðskiptum, sala til þessara aðila hefur aukist um nærri 50% síðan í fyrra.

Einnig hefur verið góð og aukin sala til skóla og mótuneyta eftir að Covid nánast lamaði starfsemi þessara aðila á síðasta ári.

Í heildina er fyrirtækjamarkaðurinn með um 20% aukningu í verðmætum miðaða við jan-nóv í fyrra

Verslanir gefa aðeins eftir

Eftir metaukningu í fyrra hjá verslunum landsins þegar neyslan almennt færðist inn á heimilin þá hefur heldur róast yfir þeim markaði. Íslendingar hófu aftur ferðalög erlendis og þá dregur úr neyslunni innanlands, það þarf marga erlenda ferðamenn til að vega upp neyslu hvers Íslendingis á mjólkurvörum.

Sérútgáfur í takmörkuðu magni

Eitt af því sem einkenndi vörunýjungar ársins voru sérútgáfur í skyri og ostar í takmörkuðu magni undir merki Ostakjallarans.

Tvær Ísey sérútgáfur og ein KEA sérútgáfa munu seljast í um 1,5 milljón dósa á árinu. Þjóðin elskar hreinlega að prófa eitthvað nýtt og kapphlaupið er um að vera búinn að prófa áður en magnið klárast. Næsta sérútgáfa er á leiðinni.

Á síðustu mánuðum hafa komið á markað 12 ostar undir merki Ostakjallarans og slagorðinu „Óvænt ánægja í hverjum bita“, langflestir ostana koma í takmörkuðu magni og hafa þeir allir selst upp.

Þessi góðu viðbrögð gefa okkur vissu fyrir því að þarna má halda áfram, vinsælu brögðin koma aftur og við höldum áfram að prófa ný brögð.

Aðalsteinn H Magnússon
Sölu- og markaðsstjóri



Markaðsstarfið á árinu

Mikil áhersla er á markaðsstarf hjá MS og er mikilvægt að markaðssetja vörur fyrirtækisins og hjálpa þannig til að við að ýta undir eftirspurn eftir vörum þess. Markaðsstarfið er fjölbreytt og fer fram í mismunandi miðlum, m.a. í gegnum samfélagsmiðla, vefmiðla og í hefðbundnum auglýsingum. Vörur MS eru einnig kynntar í gegnum almannatengsl og í samstarfi við áhrifavalda.

Árið 2021 voru margar nýjungar markaðssettar auk þess sem unnið var með aðrar vörur fyrirtækisins. Þá var unnið með ímynd MS í verkefnum á borð við Mjólkurbikarinn og Ostóber.



Í byrjun árs var Léttmál í nýjum umbúðum kynnt og vakti það athygli neytenda. Ísey skyr kynnti tvær sérútgáfur á árinu og slógu þær í gegn meðal neytenda, sérstaklega fyrri sérútgáfan. Þá var jafnframt kynnt ný sérútgáfa af KEA skyri sem fékk mjög góðar viðtökur.

Mikið var um nýjungar í Ostakjallaranum og voru fjölmargir nýir ostar kynntir. Meðal annars má þar nefna ostan Dís, Birki og Sunnu og hefur það vakið jákvæð viðbrögð meðal neytenda að sjá hversu mikil fjölbreytni er orðin í íslenskum ostum. Í Gott í matinn línunni komu tvær nýir bragðsterkir ostar á markað.

Mikið var unnið með Gott í matinn matargerðarlínuna og hefur umferð á heimasíðuna aldrei verið meiri. Fjölmargir heimsækja heimasíðuna til að fá hugmyndir að uppskriftum sem innihalda allar vörur frá MS.



Í ímyndarmálum var unnið að fjölda verkefna. Athygli vakti að MS styrkti Landsbjörg með duglegum hætti og vakti athygli á bakvarðatáki samtakanna á mjólkurfernum fyrirtækisins.


Mjólkurbikarinn rúllaði áfram og var mikið unnið með hann á samfélagsmiðlum og áhersla lögð á að tengja mjólk og íþróttaiðkun saman á jákvæðan hátt.

Áhersla var einnig á umhverfismál en athygli var vakin á pappaskeiðum og papparörum auk þess sem nýjar merkingar „oft góð lengur“ vöktu jákvæða athygli.

Mánuðurinn október fékk nafnið Ostóber fjórða árið í röð og var athygli vakin á ostum frá MS á margvíslegum vettvangi, m.a. í samstarfi við áhrifavalda og í auglýsingum.



Eins og áður vekur MS athygli á degi íslenskrar tungu og var styttn af Jónasi Hallgrímssyni vakin til lífsins í tilefni dagsins. Myndband var gert af Jónasi á göngu um miðbæ Reykjavíkur og vakti það mikla athygli.



Guðný Steinsdóttir, markaðs- og vöruflokkastjóri ferskvara
Guðbjörg H Jóhannesdóttir, markaðs- og vöruflokkastjóri osta
Gréta Björg Jakobsdóttir, ritstjóri vef- og samfélagsmiðla